

Samningur undirritaður um Árbakkaland á Selfossi

Árbakkinn-þróunarfélag ehf. og Borgarverk ehf. undirrituðu í dag verksamning um jarðvinnu og innviðauppbýggingu, fyrir 1. og 2. áfanga í Árbakkalandi á Selfossi.

Áformað er að jarðvinna hefjist í 3ju viku nóvember 2021.


Í 1. og 2. áfanga verksins er gert ráð fyrir alls 136 íbúðum, 12 í einbýlishúsum, 22 í parhúsum, 31 í raðhúsum, 32 í fjörbýlishúsum, 6 í sexbýlishúsum og 33 í einu fjölbýlishúsi.

Alls er gert ráð fyrir um 550 íbúðum og einum leikskóla í hverfinu, þegar það verður fullbyggt.

Nú þegar hafa allmargir einstaklingar og byggingaraðilar skráð sig fyrir byggingarrétti, en miðað er við að fyrstu lóðirnar verði orðnar byggingarhæfar um miðjan maí 2022.

Á landinu hefur verið skipulögð fjölbreytt íbúðarbyggð í einbýlis- par- og raðhúsum, fjörbýlishúsum, keðjuhúsum og fjölbýlishúsum, alls um 550 íbúðir, auk leikskóla.

Meginhluti bygginganna verða 1-2 hæða sérbýli, en vestar á svæðinu er gert ráð fyrir einu 3ja hæða fjölbýlishúsi og á



Frá undirritun verksamnings 12. nóvember 2021. Stjandi fv. Óskar Sigvaldason frá Borgarverk og Sigurður Þór Sigurðsson frá Árbakkanum. Standandi fv. Garðar Eiríksson frá Árbakkanum, Auður Guðmundsdóttir frá Borgarverk og Leó Árnason frá Árbakkanum.

norðausturhluta svæðisins 3.-5 hæða fjölbýlishúsum. Áhersla er lögð á að sem flestir íbúanna njóti í senn rólegs umhverfis og útsýnis. Hús sem standa sem næst óhreyfðu landi við Ölfusá, mynda lágreista stakstæða einnar hæðar byggð.

Metnaður skipuleggjenda stendur til þess að hverfið verði aðlaðandi, að byggingarlag og útlit húsa verði með metnaðar-

fullu yfirbragði, en kvöð er á um að a.m.k. 25% framhliðar húsa verði inndregnar um a.m.k. 1 mtr.

Skipuleggjendur Árbakkalands hafa samþykkt „metnaðarstefnu“ fyrir svæðið, en þar er m.a. lögð áhersla á stílhreinar utanhússklæðningar, að garðveggir, garð- og sorpskýli séu með samskonar klæðningu og húsin svo og að allar innkeyrslur



að húsum séu hellulagðar eða steyptar. Einnig er miðað við að utanhússklæðningar, lóðir og umhverfi húsa sé fullfrágengið strax við fókheldi húsa.

Framkvæmdaáætlun gerir ráð fyrir að uppbyggingu hverfisins verði skipt upp í 6 áfanga. Við uppbyggingu hvers áfanga og áður en flutt verður inn í hús áfangans, verður öllum yfirborðsfrágangi af hálfu fram-

kvæmdaraðila lokið, s.s. malbikun gatna, gerð gangstétta, göngustíga og opinna svæða. Lögð er áhersla á að við framkvæmdir síðari áfanga, verði ekki framkvæmdaferð um fulllokinn áfanga.

Eigendur svæðisins og Árbakkans-þróunarfélags ehf. eru Austurbær-fasteignafélag og Mjólakurbú Flóamanna ehf.

Sýning í anddyrinu meðan á viðhaldi stendur

Listasafn Árnesinga verður með skemmtilega sýningu á dagskrá í anddyri safnsins. Stóru salirnir fara í viðhald og á meðna verður sýningin *Frjógvin* opin ásamt sýningunni *Hafið kemst vel af án okkar*.

Síðustu vikunar fyrir jól munum við veita gestum okkar innisýn í safnkost Listasafns Árnesinga. Stórbrótnar landslagsmyndir gömlu íslensku

meistaranna og abstraktlist frá sjötta áratugnum ásamt margslunginni samtímalist. Listasafn Árnesinga var stofnað á Selfossi árið 1963 og er þar með fyrsta listasafnið á Íslandi sem tók til starfa utan höfuðborgarinnar. Listasafn Árnesinga starfaði á Selfossi fram til ársins 2001. Þá festi það kaup á Listakálanum í Hveragerði og hefur verið þar til húsa allar götur síðan.

Safnið býr í dag að safneign um það bil 550 listaverka, allt frá merkustu meisturum íslenskrar myndlistar til áhugalistamanna í nærliggjandi sveitum.

Þessi stutta (pop-up) sýning gefur um leið forsmekkinn að stærri sýningu sem haldin verður í tilefni af 60 ára afmæli safnsins árið 2023.



**Fáðu
fagmann
í verkið**

**PÍPULAGNIR
HELGA**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

**Toyota
Selfossi**

**FRAMÚRSKARANDI
ÞJÓNUSTA**

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is



OPIÐ FIMMTUDAG TIL KL. 21

TILBOÐ Á SÉRVÖLDUM VÖRUM MIÐVIKUDAG TIL LAUGARDAGS

ALLAR BUXUR OG PEYSUR Á 20% AFSLÆTTI
ÁSAMT FJÖLDA ANNARRA SPENNANDI TILBOÐA

VEFVERSLUN OKKAR ER TISKUVERSLUN.IS

LINDIN
 TÍSKUVERSLUN
 Eyravegí 29 · Selfossi · Sími 482 1800

Það eru 37
DAGAR TIL JÓLA



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f/keyrsla.is](https://www.facebook.com/keyrsla.is)

Penninn Eymundsson opnar á Selfossi

Ný verslun hefur opnað að Brúarstræti 6 í nýja miðbænum á Selfossi

Við bjóðum alla Sunnlendinga, jafnt einstaklinga sem fyrirtæki, velkomin og hlökkum til að eiga við ykkur farsælt og ánægjulegt samstarf í ykkar heimabyggð!



penninn.is
 540-2316 / 540-2050

selffoss@penninn.is
penninn@penninn.is

PENNINN Eymundsson

Verslunin Norza Living með pop-up verslun á Brúartorgi til áramóta

Verslunin Norza Living mun verða með svokallaða Pop-up verslun í nýstandsettu húsnæði á Brúartorgi í miðbænum núna á adventunni og til áramóta. Norza Living, sem þær Anna Margrét Jónsdóttir og Ruth Gylfadóttir reka, leggur áherslu á að bjóða upp á fall-ega, vandaða „high end“ innanhúss og utanhúss hönnunarvöru, aðallega frá Suður-Afríku – sem öll er framleidd á vistvænan hátt.

Þær segja mikla grósku ein-kenna hönnun og framleiðslu á vönduðum húsgögnum og annari innanhússvöru í suðurlhuta Afríku. Um er að ræða skemmtilega viðbót fyrir íslensk heimili, þar sem varan endurspeglar margþættan menningarheim. Útkoman er oftast en ekki spennandi og öðruvísi hönnunarvara sem grípur augað og skapar skemmtilega stemningu.

Annar og ekki síður mikil-



Anna Margrét Jónsdóttir og Ruth Gylfadóttir, eigendur Norza Living

vægur áhersluþáttur í starfi Norza, er að skapa virði fyrir lítul afrísk kven- og fjölskyldurekin smáfyrirtæki, sem flest hver eru stofnuð og rekin af konum í neðri lögum samfélagsins. Norza Living www.norza.is stuðlar að atvinnuskapandi

verkefnum sem leiða til sjálfbærni, og fjárhagslegs sjálfstæðis þessara kvenna. Fyrir tilstuðlan Norza, eru margar kvennana orðnar fyrirmyndir annarra í samfélagi sínu með því að sjá sér og sínum fjárhagslegs farborða af eigin verðleikum.



Ungmennafélagið Katla fær höfðinglega gjöf

Kvenfélagið Ljósbrá færði Ungmennafélaginu Kötlu, Vík í Mýrdal höfðinglega gjöf. Það voru 20 badmintonspáðar sem eru ætlaðir fyrir yngstu iðkendurnar. Barnaspaðarnir eru minni og styttri en fullorðins-

spáðarnir. Þessi rausnarlega gjöf mun án efa nýtast vel, þetta mun hjálpa börnunum að ná betra valdi á spöðunum og þar með efla sjálfstraust þeirra gagnvart íþróttageirinn. Vert er að geta þess að badminton er mikið

stundað af fullorðnum í Vík en þar eru æfingar þrjú kvöld í viku. Því má segja að nú sé verið að efla yngstu kynslóðina í að halda þeim mikla badminton áhuga við.



blómaval HÚSASMÍÐJAN

JÓLIN FYRIR ÞIG

Opið alla
sunnudaga
til jóla

11-15

Tveir
dagar
Dreifum
álaginu

Miðvikudag og fimmtudag

HÚSASMÍÐJU DAGURINN

25% afsláttur

á Selfossi

Fimmtudagur dagskrá:
Ljósadagur



Barnakór
Selfosskirkju
syngur jólalög
kl. 19.

Opið
á fimmtudag
21:00

Vörukynningar:

- Petmark, gæludýravörur
- Mosey, hreinlætisvörur
- Nói síríus
- Ölgerðin
- Kósk, smáraftæki

Allar seríur og jólaskraut • Allar vörur í Blómavali • Allt á aðventukransinn • Dúkar og servíettur
Jólapappír og borðar • Kerti og kertastjakar • LADY málning • Handverkfæri
Grohe og Damixa blöndunartæki eldhús og bað • Dewalt verkfæri • Hikoki verkfæri
Black + Decker verkfæri • Verkfærakassar • Philips perur og ljós (Gildir ekki af HUE) • Salerni og handlaugar
Eldhúsvaskar • Parket • Flísar • Hillurekkar Avasco • Áltröppur og stigar • Loftverkfæri Tjep
Pottar og pönnur • Glös og matarstell • Bökunurvörur • Gjafavörur • Gæludýravörur
Hreinsiefni • Pottaplöntur ... Kláraðu jólin og jólagjafirnar hjá okkur

Hreyfing

Ert þú búin/n að uppfylla ráðlagðan dagskammt af hreyfingu í dag og gleðja hjartað í leiðinni?

- Börn og unglingar ættu að hreyfa sig í minnst 60 mínútur á dag
- Fullorðnir ættu að hreyfa sig í minnst 30 mínútur á dag
- Roskið fólk ætti að hreyfa sig í minnst 30 mínútur á dag

Hreyfing er allskonar og að sjálfsögðu má skipta heildartímanum í nokkur styttri tímabil yfir daginn



Minn ástkæri eiginmaður, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurfinnur Sigurðsson,
Starengi 15, Selfossi,



lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi, þriðjudaginn 9. nóvember. Útförin fer fram frá Selfoskirkju mánudaginn 22. nóvember kl. 14. Vegna fjöldatakmarkana verður einungis nánasta fjölskylda í útförinni, en henni verður streymt á www.selfoskirkja.is

Ásta Guðmundsdóttir
Kristbjörg Sigurfinnsdóttir
Sigríður J. Sigurfinnsdóttir
Snorri Sigurfinnsson
Sigurður M. Sigurfinnsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Eiríkur Einarsson
Gunnar Sverrisson
Sigrún Brynja Ólafsdóttir

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu tilboð í
auglýsingar í blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



Árlegt jólabingó með breyttu sniði í ár

Árlegt jólabingó Kvenfélags Grímsneshrepps verður haldið með breyttu sniði þetta árið þar sem nýjar sóttvarnareglur kalla á nýjar útfærslur. Þann 21. nóvember verður haldið bílabingó á bílastæðinu við Félagsheimilið Borg í Grímsnesi.

Sala á bingóspjöldum hefst kl. 13:30 og byrjað verður að spila kl. 14. Allur ágóði af bingóinu rennur óskiptur til „Sjóðsins góða“ í Árnessýslu.

Kvenfélagskonur munu ganga á milli bíla, selja spjöld og veita upplýsingar um framkvæmd. Bingóstjórar verða staðsettir innanhúss og streymt frá því á fésbókarsíðu kvenfélagsins þegar bingótölur eru lesnar upp. Þegar heppnir spilarar fá bingó eru þeir beðnir um að gefa það til kynna með flauti.

Verð á fyrsta bingóspjaldi í



bíl er 2.000 kr. en öll spjöld eftir það verða seld á 500 kr. Einungis verður hægt að greiða fyrir bingóspjöld með peningum eða millifæra rafrænt inn á reikning félagsins. Enginn posi verður

á staðnum og því ekki hægt að greiða með kortum.

Við kvenfélagskonur hvetjum sem flesta til þess að koma og styrkja gott málefni.

Kæru Sunnlendingar

Síðastliðnar vikur hefur verið smíkið um að vera hér hjá okkur í Menntaskólanum að Laugarvatni. Haldið var svokallað kaffihúsakvöld stjórnaninnar þann 18. október. Voru þar í boði ýmsar kræsingar og skemmtiatriði. Stjórn Mímis skipulagði leynivínabiku fyrir nemendur skólans vikuna 25-29. október. Hefð er fyrir því að eftir hverja leynivínabiku er haldið náttfataball. Á náttfataballinu afhenda nemendur hver öðrum rós og afhjúpa þannig leynivíninn.

Þann 28. október var kynningadagur í ML þar sem nemendur í 10. bekk fengu að koma í skólann og var hann kynntur fyrir þeim. Sama dag var haldin

hin árlega söngvakeppni Blítt og Létt í Íþróttahúsinu á Laugarvatni þar sem nemendur skólans sungu og léku á hljóðfæri. Dómur voru þau Sólborg Guðbrandsdóttir, Magnús Kjartan Eyjólfsson og Karl Hallgrímsson. Fengu keppendur að velja hvort þeir sáu sjálfir um hljóðfæraleikinn eða nýttu sér Hróðmenn, hljómsveit keppinnar. Hróðmenn skipa þeir Arnar Kári Guðjónsson á bassa, Elvar Bragi Kristjónsson á píanó, Stein Dadi Gíslason á trommur og Hróðmar Sigurðsson á gítar. Í þriðja sæti höfnuðu þær Gísella Hannesdóttir með frumsamda lagið Dreifum gleði og ást og Oddný Lilja Birgisdóttir með Vetrarsól. Í öðru sæti hafnaði

Oddný Jóhanna Benónýsdóttir með lagið Unawere og var Freyja Benónýsdóttir í bakrödd. Að lokum var það Freyja Benónýsdóttir sem náði fyrsta sætinu með Lagið Distance. Bakeraddir hennar voru Oddný Jóhanna Benónýsdóttir, Erla Rut Pétursdóttir og Hákon Kári Einarsson. Viljum við færa dómurum og Hróðmönnum kærar þakkar fyrir vel unnin störf þetta kvöld. Einnig viljum við þakka Mika Restaurant, Kaffi Krús, Þrastarlundi, Rangárþingi eystra, Bláskógabyggð og Hrunamannahreppi sem styrktu viðburðinn og gerðu hann að veruleika.

Oddný Lilja Birgisdóttir og Þóra Björg Yngvadóttir



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnar@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Visnagátur-höf:
Ármann Dalmanntson
Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Mér ráða hendur ræðaranna.
Hvort rétt ég er, það nótur sanna.
Jarðfræðingar mig jafnan kanna.
Ég er líka samtök manna.

Svar við gátu í blaði 2623: **VEIÐI**
1. Hvalveiði - 2. Síldveiði - 3. Lax/Atkvæðaveiði



BYKO

GERUM PETTA SAMAN

BLÁR FIMMTU- DAGUR

Tilboð gilda
aðeins 18. nóv

Valdar vörur
á 20-40%
afslætti

Opið til 20

Fylgstu með á byko.is



Jól í Árborg 2021

KVEIKT Á JÓLALJÓSUM 18. NÓVEMBER

Í ljósi breyttra aðstæðna verðum við því miður að aflysa hátíðardagskrá á Brúartorginu í Miðbæ Selfoss, fimmtudaginn 18. nóvember, þegar kveikt verður á jólaljósunum í Sveitarfélaginu Árborg.

Sveitarfélagið Árborg hvetur einstaklingar og fyrirtæki til að kveikja jólaljósina á fimmtudaginn til að lýsa upp skammdegið við upphaf Jóna í Árborg 2021



Jól í Árborg 2021

FJÖLSKYLDU- OG MARKAÐSSTEMNING

Jólatorg á Eyrarbakka 4. og 11. desember

Í tengslum við jólahátíðina verður planinu við Húsið á Eyrarbakka breytt í jólatorg þar sem fjölskyldu- og markaðsstemning verður allsráðandi. Torgið verður opið laugardagana 4. og 11. desember frá kl. 13:00 - 17:00. Ásamt markaðinum verða viðburðir á torginu og Byggðasafn Árnesinga, Húsið á Eyrarbakka, opið.

VILT ÞÚ SELJA ÞÍNA FRAMLEIÐSLU Í SÖLUHÚSUNUM?

Einstaklingar, félagasamtök og fyrirtæki sem hafa áhuga á að selja vörur í söluhúsunum sem og aðilar sem vilja koma fram á sviðinu í garðinum t.d. með tónleika, upplestur eða aðra viðburði geta haft samband við Elínu Birnu í síma 860 7774

Hvert orð er leyndarmál og allir eru óþokkar segir lestrarhesturinn Björn Unnar Valsson

Björn Unnar Valsson er bráðum fertugur bókmenntafræðingur sem starfar á Borgarbókasafni Reykjavíkur. Björn sendir vinum og fjölskyldu nær og fjær hugheilar hátíðar- og nýárskveðjur, með þökkum fyrir samverustundir á árinu sem er að líða.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Ég er að lesa *This Isn't Happening* eftir Steven Hyden. Hún fjallar um hljómsveitina Radiohead og kúvendinguna sem útkoma plötunnar *Kid A* var í október árið 2000. Höfundurinn er mjög framlaga í frásögninni, hann nálgast plötuna og forsöguna og tíðarandann út frá sinni upplifun þarna upp úr aldamótum, sem mér þykir mátulegt fyrir umfjöllunarefnið. Það er léttur hljómur í bókinni, blaðsíðurnar fletta sér sjálfar. Fólk sem var öfugu megin við tvítugt árið 2000 held ég að geti séð fyrir sér tvo, fjóra, sex, átta menningarviðburði í kringum aldamótin sem halda áfram að skipta máli. Kannske bara fyrir mann sjálfan. *Kid A* var einn slíkur viðburður fyrir Steve Hyden og fyrir mig sömuleiðis — þó ég sé enn ekki alveg sjúr á því hvað mér finnst um plötuna sjálfa. Þá er ég líka að lesa *Dune* eftir Frank Herbert vegna þess að Denis félagi minn mælti með henni. Já og ég var að hraðspóla í gegnum *Harðjasklar stíga ekki dans* eftir Norman Mailer (í þýðingu Árna Ibsen) en það er of langt mál að fara út í það. Framhald í næsta blaði.

Hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Vísindaskáldsögur og metafíksjón, guð hjálpi mér. Dagbækur eða aðrar sannsögulegar frásagnir úr Reykjavík á bilinu 1870-1920. Hefur þú lesandi góður rannsakað hringjaramálið? Sendu mér skilaboð. Og stuttir prósar sem saman mynda heild í þunnu kveri, það er eitthvað sem ég skal lesa allan daginn. Eða kannske hálfan daginn, þetta eru yfirleitt stuttar bækur. *Kuðungasafnið* eftir Óskar Árna. *Svarti sauðurinn og aðrar fabúlur* eftir Monterosso í þýðingu Kristínar Guðrúnar Jónsdóttur. Og *Tappi á himninum* eftir Evu

Rún Snorradóttur, sem ég skal mæla með við hvern sem spyr mig „hvað á ég að lesa næst?“ Talandi um að kveikja á þerunni í kringum aldamótin, *Tappi á himnum* er nánast eins og minning um það.

Ertu alinn upp við lestur bóka?

Já það var lesið fyrir mig og mér þótti það dýrmætt. Mér þykir það ennþá. Ég sé fyrir mér bókasafnið í Hveragerði þarna uppá hæðinni, Enid Blyton í bunkum og *Dularfullu* bækurnar með gráa kjölinn og rauðdoppótta bandið sem hlaut að þýða eitthvað. Síðan leitaði ég í myndasögurnar á bókasafninu þegar ég var sjálfur farinn að lesa og uppáhaldið var *Prins Valiant* eftir Hal Foster, í stóra brotinu. Þetta eru riddarasögur fyrir börn sem eru stundum ekki við hæfi barna og hvað ætli maður vilji frekar. Oft og tíðum stórkostlegar teikningar, alltaf nýtt ævintýri handan við hornið, eða á ókunnri strönd þar sem söguhetjan okkar raknar úr roti. Og blóðsúthellingarnar! Og nú er ég svo lánsamur að geta lesið barnabækur fyrir son minn. *Ráðgátu* bækurnar eftir Widmark og Willis koma sterkar inn þessa dagana, og *Norðurljós: ferðin til Jötundalsins* eftir Martin Falch vakti mikla lukku. Við höfum aðeins bragðað á heimsbókmenntunum saman en hann er samt meira fyrir nýju þýðingarnar af *Viggó Viðutan*, svo þar hefur strax myndast gjá, djúp og myrk, sem ég býst við að breikki bara með árunum. Þiedbæuf? hvái ég. Þetta hét nú álfakroppa-appelsín í mína tíð væni.

Segðu frá lestrarvenjum þínum.

Fyrst finn ég bók til að lesa sem gerist meira og minna af sjálfu sér. Síðan les ég fyrstu tvo þrjá kaflana og missi svo áhugann. Ég legg hana frá mér í tólf til átján mánuði, hnýt þá um hana aftur og les hana til enda. Þetta er gjarnan besta bók sem ég hef lesið um tíðina og svo gleymi ég henni hálfum mánuði síðar.

Einhverjir uppáhaldshöfundar?

Eddie Campbell, Grant Morrison, Franquin, Kurt Vonnegut og Susanna Clarke vegna þess að bækurnar þeirra lýsa í myrkri.



Björn Unnar Valsson

En hefur bók einhvern tímann rænt þig nætursvefni?

Það kemur sárastaldan fyrir, en reyndar síðast fyrir í ár þegar ég var á loka metrunum með 1983, síðustu bókina í *Red Riding* kvartettinum hans David Peace. Ég sá kvikmynda aðlaganirar þrjár í denn, svo skutu þær upp kollinum á Netflix ef ég man rétt og þá las ég bækurnar. Þetta er heillöng saga um spillingu, ofbeldi og volæði í Yorkshire í Bretlandi á áttunda og níunda áratugnum. Það er stöðugt drukkið, hvert orð er leyndarmál, reykjarmökkur yfir rökum bar og læstar hirslur í gleymdum skúr, og allir eru óþokkar. Og Yorkshire-morðinginn er alltaf á ferli þarna einhversstaðar með hamarinn sinn. Peace skrifar helminginn af svona fjórum sögum í fyrstu þremur bókunum, og fyllir svo inn í eyðurnar og lokar öllu saman í þessari síðustu bók. Þetta er deprimerandi stöff, spurningin sem hélt mér vakandi þarna í lokin var ekki „hvernig endar þetta?“ heldur frekar „hversu illa endar þetta eiginlega?“

Og þá er það lokaspurningin Björn, hvernig bækur myndi skáldið í þér skrifa?

Ég myndi sennilega skrifa glæpasögur inni íslenskan veruleika, um spillingarmál og morð sem væru framin á stöðum sem fólk kannast við. Rannsakaðinn og aðalpersónan væri skeleggur blaðamaður eða kannske frekar löfgræðingur. Morðið í útvarphúsinu, Morðið í Almannagjá, Morðið í hérðasdómi. Nú er ég bara að velta upp mögulegum titlum. Ætli ég myndi samt ekki skrifa undir dulnefni til öryggis.

Umsjón með lestrarhesti hefur Jón Ózúr Snorrason.

Styrkir veittir úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands

Sjórn Samtaka sunnleuskra sveitarfélaga hefur fjallað um tillögur fagræðs atvinnu og nýsköpunar annars vegar og fagræðs menningar hins vegar um úthlutun verkefnastyrkja úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands. Um var að ræða síðari úthlutun sjóðsins árið 2021. Umsóknir voru samtals 112, í flokki atvinnu- og nýsköpunarverkefna bárust 41 umsóknir og 71 umsóknir í flokki menningarverkefna.

Að þessu sinni var 39 m.kr. úthlutað, 18 m.kr. í flokk atvinnu og nýsköpunar og 21 m.kr. í flokk menningar, til samtals 75 verkefna. Samþykkt var að veita 25 verkefnum styrk í flokki atvinnu- og nýsköpunar og 50 verkefna í flokki menningarverkefna.

Hæsta styrkinn í flokki atvinnu og nýsköpunar hlutu að þessu sinni annars vegar Lovísa Rósa Bjarnadóttir fyrir verkefnið Þjónustuláturhús og matarsmiðja að upphæð 2,5

m.kr. Markmið verkefnisins er að auka þjónustu við bændur og matvælaframleiðendur, og gefa nær samfélaginu raunverulegan kost á að nýta matvæli úr héraði. Hins vegar hlaut Kamban Visual production slf. styrk fyrir verkefnið Kambey að upphæð 2,5 m.kr. en markmið verkefnisins er að hlúa að og fræða verðandi og núverandi foreldra, sem og að gera þau betur búin að huga að sjálfum sér og fjölskyldunni.

Í flokki menningarverkefna hlaut Góli ehf. hæsta styrkinn fyrir verkefnið Vínartónleikar og skólatónleikar á Kirkjubæjarklaustri og Vík að upphæð 950 þús. Markmið verkefnisins er að halda Vínartónleika á Kirkjubæjarklaustri fyrir almenning og skólatónleika fyrir grunnskólanemendur á Kirkjubæjarklaustri og í Vík.

Lista yfir þau verkefni sem hlutu styrk má sjá á heimasíðu SASS.



SASS
SAMTÖK
SUNNLEUSKRA
SVEITARFÉLAGA

TILKYNNING FRÁ SJÓÐNUM GÓÐA Í ÁRNESSÝSLU

Umsóknir og úthlutanir úr Sjóðnum góða 2021

- Hægt verður að sækja um á netinu á þar til gerðu umsóknarblaði. Senda þarf tölvupóst á sjodurinnngodi@gmail.com og óska eftir að fá umsóknarblað sent. Útfyllt umsóknarblaðið ásamt fylgigögnum skal senda á sama netfang sjodurinnngodi@gmail.com.
- Á umsóknardögum verður hægt að hringja í síma 840 4690, 840 4691, 840 4692 og sækja um símleiðis. Aðeins er tekið við umsóknum í síma á auglýstum umsóknartíma.
- Þau sem ekki geta sótt um rafrænt eða símleiðis geta komið á umsóknardögum í Selið, Engjavegi 48 (við íþróttavöllinn).

Umsóknardagar eru:

Mánudagur	22. nóv. kl. 10-12
Þriðjudagur	23. nóv. kl. 16-18
Miðvikudagur	24. nóv. kl. 10-12
Mánudagur	6. des. kl. 16-18

Með umsókn þarf að fylgja eftirfarandi gögn:

- Allar tekjur okt. eða nóv. (Vinnulaun, tekjur frá Tryggingastofnun, fæðingar-orlof, atvinnuleysisbætur.)
- Öll útgjöld okt. eða nóv. (leiga, afborganir lána og húsnæðis, rafmagn/hiti, útgjöld v.barna tryggingar ofl.)

Vinsamlegast virðið þessar dagsetningar og athugið að ekki er tekið við umsóknum eftir síðasta umsóknardag, hvorki rafrænt né í síma. Síminn er eingöngu opin á auglýstum umsóknartíma.

Hægt verður að nálgast úthlutanir 15. og 16. desember kl. 16-18 í Selinu, Engjavegi 48 (við íþróttavöllinn)

Velkomin í hópinn



Ert þú að leita að skemmtilegu starfi á líflegum vinnustað? Við leitum að kraftmiklum og áreiðanlegum liðsfélögum til framtíðarstarfa á Ísey Skyr Bar og Djúsi by Blackbox á N1 Hveragerði. Um er að ræða fullt starf í vaktavinnu.

Helstu verkefni:

- Stjórnun starfsmanna á vakt (starf vaktstjóra)
- Almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Rík þjónustulund
- Jákvæðni og góð samskiptafærni
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur

Fríðindi í starfi:

- Aðgangur að Velferðarþjónustu N1
- Afsláttarkjör hjá N1, Krónunni og ELKO
- Styrkur til heilsuefingar

Umsóknir óskast útfylltar á **N1.is** undir Laus störf. Nánari upplýsingar veita **Jónína K. Kristinsdóttir** hjá **ninna@n1.is** og **Björn Þórarinn Birgisson**, stöðvarstjóri, hjá **bjornb@n1.is**.



JAFNLAUNAVOTTUN
2020 - 2023

ísey SKYR
BAR

djúsi by **BLACKBOX**

440 1000 n1.is



Svæðisskipulag fyrir Suðrhálendið Opinn kynningarfundur

Opinn kynningarfundur á vinnu við gerð svæðisskipulags fyrir Suðrhálendið verður haldinn í félagsheimilinu Hvoli á Hvolsvelli 24. nóvember nk. kl. 19:30 – 21:30. Fundinum verður líka streymt, sjá nánar á www.sass.is

**Svæðisskipulagsnefnd fyrir
Suðrhálendið**

Jólaviðburðir og -verslun í Sveitarfélaginu Árborg



Allt stefnir í að jólahátíðin í Sveitarfélaginu Árborg geti orðið sannarlega skemmtileg í ár með fjölbreyttum viðburðum fyrir alla fjölskylduna. Tónleikar, jólagluggar, barnaskemmtun, jólagáta, markaður, kveikt á jólatrjám í byggðakjörnum og innkoma jólasveinanna eru hluti af jóladagskránni í Sveitarfélaginu Árborg. Í ljósi aðstæðna í samfélaginu verður þó eðlilega tekið tillit til sóttvarnartakmarkana hverju sinni. Það er vonandi að samstillt sóttvarnaráttak landsmanna næstu vikunnar verði til þess að sem flestir viðburðir geti farið fram í desember.

Því miður þarf því að aflýsa hátíðardagskrá fimmtudaginn 18. nóvember þegar kveikt verður á jólaljósunum í sveitarfélaginu en einstaklingar og fyrirtæki eru hvött til að kveikja jólaljósinn 18. nóv. til að lýsa upp skammdegið við upphaf Jóna í Árborg 2021.

Miðbær Selfoss gefur ný tækifæri

Með tilkomu miðbæjarins hefur orðið til nýr viðburðastaður sem um leið tengir saman verslun og þjónustu í kringum Eyraveg og Austurveg en saman myndar þetta svæði hinn eiginlega miðbæ Selfoss. Íbúar og gestir sem leggja leið sína á miðbæjarsvæðið munu upplifa jólastemningu þar sem jólaljósinn, tónlist og fjölbreytt verslun og þjónusta er í fyrirrúmi. Verði slakað á sóttvarnartakmörkunum í byrjun desember er stefnt á lifandi tónlist og skemmtiatriði á Brúartorginu um helgar á aðventunni í samstarfi við EB kerfi á Selfossi.

Jólatorg á Eyrarbakka

Við Húsið á Eyrarbakka mun í fyrsta skipti rísa jólatorg á aðventunni sem verður opið laugardagana 4. og 11. desember. Jólatorgið er sett upp af sveitarfélaginu í samstarfi við Byggðasafn Árnesinga sem er með sérstaka jólasýningu í Húsinu á Eyrarbakka í desember.

Jólatorgið er opið frá kl. 13:00 til 17:00 en þar geta einstaklingar, félagasamtök og fyrirtæki selt vörur eða veitingar

í litlum söluskúrum sem verður raðað upp á planinu við Húsið á Eyrarbakka sem saman mynda jólatorgið. Auk söluskúra er svið á torginu þar sem t.d. verður boðið upp á lifandi tónlist ásamt upplestri jólabóka í Húsinu.

Elín Birna Bjarnfinnsdóttir sér um bókanir í söluhúsinu og geta áhugasamir söluaðilar sett sig í samband við Elínu í síma 860 7774 en leigan er án endurgjalds.

Verslun í miklum blóma

Verslun og þjónusta á svæðinu hefur vaxið mikið undanfarin ár og þjónustustigið á Selfossi orðið hátt í samanburði við sambærileg þéttbýli. Það er áhugavert og jákvætt að heyra að íbúar í sveitarfélaginu og í nærsveitunum nýti sér þann kost að geta verslað mest allt sem þarf á Selfosssvæðinu þar sem

það þurfi ekki lengur að fara eins mikið á höfuðborgarsvæðið. Þótt Covid ástandið hafi á margan hátt verið mjög erfitt og sé ennþá, þá tel ég að það megi taka það jákvæða út, líkt og fleiri samverustundir fjölskyldunnar og aukin verslun í nærsamfélaginu. Við áttuðum okkur nefnilega á því að vörurvalið í verslunum á Selfosssvæðinu er gott, verðin samkeppnishæf og þjónustan framúrskarandi. Slíkt er ekki sjálfgefið og mikilvægt að sérstaklega við íbúarnir nýtum okkur áfram þessa þjónustu við jólainnkaupin. Verslun í heimabyggð á sannarlega við um þessi jól líkt og áður.

*Bragi Bjarnason,
deildastjóri frístunda- og
menningardeildar*

LISTASAFN ÁRNESINGA



Frjóvgun
Gamalt og nýtt úr safneign
13.11 - 22.12.22



**Hafið kemst vel af án okkar
til 22.12.22**



**Fallegar gjafavörur í safnbúðinni
opið 12-17 (lokað á mánudögum)**

Austurmörk 21, Hveragerði / www listasafnarnesinga.is



Kvenfélag Hveragerðis sá til þess að HSSH fer vel merkt inní veturinn

Síðastliðinn vetur gaf Kvenfélag Hveragerðis Hjálparsevit skáta Hveragerði 500 þúsund krónu styrk. Stjórn HSSH ákvað að nýta peninginn í að merkja vélsleða og tvö sexhjól sveitarinnar auk þess sem að á hjólin voru sett blá ljós og sírenur. Það er félögum eins og HSSH

afar mikilvægt að fá stuðning sem þennan og er hjálparsevitin kvenfélaginu afar þakklát. Með þessu er enn frekar tryggt öryggi þeirra björgunarmanna sem nota tækin auk þeirra sem þiggja aðstoð. Kvenfélagið fagnar 70 ára afmæli á þessu ári.



Frá vinstri á tækjunum eru kvenfélagskonurnar: Hólmfríður Skaftadóttir gjaldkeri, Elín María Kjartansdóttir meðstjórnandi og Ásta Gunnlaugsdóttir formaður. Á myndinni eru einnig nokkrir félagar úr HSSH sem voru í dósatalningu þetta kvöld.



Sigurvegari Sunnulækjar- skóla í friðar- veggspjalda- keppni Lions

Jón Trausti Helgason, nemandi í 6. bekk, er sigurvegari Sunnulækjarskóla í Alþjóðlegu friðarveggspjaldakeppni Lions þetta árið. Þema keppinnar í ár er Við erum öll tengd, en á tímum heimsfaraldurs fögnum við öllu sem tengir okkur saman. Verk Jóns Trausta var valið af dómnefnd og mun verk hans fara áfram í keppni á landsvísi. Sigurvegari þar fær verðlaun hér heima og verður það listaverk sent erlendis í alþjóðakeppni.

Friðarveggspjaldakeppnin var fyrst haldin 1988 og er markmiðið að gefa grunnskólanemendum tækifæri til að koma á framfæri á skapandi hátt hugmyndum sínum varðandi heimsfrið og miðla framtíðarsýn sinni til umheimsins. U.þ.b. 600.000 börn frá 75 löndum taka þátt í keppninni árlega. Lions á Íslandi styrkir keppnina. Á hverju ári er valið þema til að vekja ímyndunarafli nemendanna. Tjáning, listrænt gildi og frumleiki eru þau þrjú viðmið sem notuð eru til að meta veggspjöldin á öllum dómstigum.

Sunnulækjarskóli óskar Jóni Trausta innilega til hamingju og óskar honum góðs gengis í áframhaldandi keppnum. Meðfylgjandi myndir voru teknar, þegar Jóni Trausta voru afhent verðlaunin frá Sunnulækjarskóla og viðurkenningarskjal sem Sonja Eyfjörð formaður Lions-klúbbsins Emblu afhenti.

Ekkert ofbeldi takk



**SIGURHÆÐIR ER NÝ ÞJÓNUSTA VIÐ ÞOLENDUR KYNBUNDINS
OFBELDIS Á SUÐURLANDI. LANGAR ÞIG AÐ VITA MEIRA?**

Opinn kynningarfundur

Í tilefni af **16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi** munu **Sigurhæðir** kynna starfsemi sína **fimmtudaginn 25. nóvember nk. kl. 19.30 í Tryggvaskála, Selfossi**. Sá dagur markar upphaf alþjóðlegs 16 daga átaks sem hefst á alþjóðadegi Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi og lýkur á mannréttindadegi Sameinuðu þjóðanna 10. desember. Við gætum sóttvarna.

DAGSKRÁ



LJÚF TÓNLIST

Dagný Halla og Unnur Birna
Björnsdætur spila ljúfa tónlist



BÆTUM HEIMINN - BREYTUM HEIMA

Hildur Jónsdóttir
verkefnisstjóri Sigurhæða



ROÐAGYLLUM HEIMINN - 16 DAGA ALÞJÓÐLEGT ÁTAK GEGN KYNBUNDNU OFBELDI:

Jóna Ingvarsdóttir formaður
Soroptimistaklúbbs Suðurlands



LEIÐIN UPP SIGURHÆÐIR

Elísabet Lorange
meðferðarstýra Sigurhæða



ALVARLEIKI OFBELDIS - NÝJAR BIRTINGARMYNDIR

Ragna Björg Guðbrandsdóttir
forstöðukona Bjarkarhlíðar í
Reykjavík



HVERNIG VIRKAR EMDR ÁFALLAMEÐFERÐ?

Jóhanna Kristín Jónsdóttir
áfallasálfræðingur

FYRIRSPURNIR

NÝTT AÐSETUR SIGURHÆÐA ER AÐ ÞÓRSMÖRK 7, 800 SELFÖSS.

sigurhaedir.is
+354 843 5566

facebook.com/sigurhaedir
sigur@sigurhaedir.is



1. deild karla í körfubolta

**SELFLOSS -
ÁLFTANES**Föstudaginn 19. nóv. kl. 19:15
Íþróttahús Vallaskóla

ÓSKUM EFTIR

**PRENTSMÍÐ EÐA
GRAFÍSKUM MIÐLARA**

Í 100% STARF Á SELFLOSSI

Helstu verkefni: Umbrot, hönnun, stafræn prentun og önnur tilfallandi verkefni.**Hæfniskröfur:**

- Sveinspróf í prentsmíði / grafískri miðlun
- Góða tölvu- og tækniþekkingu í faginu
- Góð íslenskukunnátta skilyrði

Vinnutíminn er frá kl. 8:00-16:00 alla virka daga.

Nánari upplýsingar um starfið veitir framkvæmdastjóri mannauðsmála í isi@prentmetoddi.is, s. 8 560 601 og útibústjórinn okkar á Selfossi þ.e. brv@prentmetoddi.is, s. 8 560 656.

Umsóknarfrestur er til 25. nóvember nk.
Vinsamlegast sækja um starfið á alfred.is.

Prentmet Oddi er stærsta og framsæknasta prentsmiðja landsins sem býður upp á heildarlausnir og hágæða prentun þar sem hraði, gæði og persónuleg þjónusta fara vel saman í framleiðslunni. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Reykjavík og síðan rekur það útibú á Selfossi og Akureyri. Fyrirtækið er Svansvottað og framleiðir pappírsumbúðir, límmiða, bækur, stimpla og allt almennt prentverk. Lögð er rík áhersla á að starfsfólki líði vel á vinnustað



FRAMKVÆMDASTJÓRI ÓSKAST

Fimleikadeild Ungmennafélags

Selfloss leitar að framkvæmdastjóra í 75% starfshlutfall. Starfið er krefjandi, skemmtilegt og fjölbreytt. Hjá deildinni er öflugt barna-, unglinga- og afreksstarf auk þess sem starfandi er fimleikaakademía við Fjölbrotaskóla Suðurlands. Hjá deildinni starfar sterkt teymi deildarstjóra, þjálfara, iðkenda og sjálfboðaliða.

Starfssvið:

- Ábyrgð á daglegum rekstri og fjárhagslegu skipulagi deildarinnar
- Samskipti við foreldra, þjálfara og fimleikahreyfinguna
- Starfsmannastjórnun
- Mótun stefnu deildarinnar í samráði við yfirþjálfara og deildarstjóra
- Skipulag viðburða, markaðsmál, kynningar og styrkumsóknir
- Samskipti við sveitarfélagið og önnur félög innan íþróttahreyfingarinnar, styrktaraðila og fjölmiðla

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Þekking og reynsla af rekstrarstjórnun og fjárhagsáætlanagerð
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Að vera skipulagður, lausnamiðaður, með leiðtogaþæfileika og gott frumkvæði
- Áhugi á íþróttum og þekking á fimleikum er kostur

Viðkomandi þarf að geta hafið störf í janúar. Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingibjörg Garðarsdóttir, formaður stjórnar Fimleikadeildar Umf. Selfoss í síma 895 5767. Umsókn ásamt ferilskrá sendist fyrir 29. nóvember á netfangið ingagardarsd@gmail.com.

Íþróttir

Gonzalo Zamorano í Selfoss

KNATTSPYRNA Hinn 26 ára gamli Spánverji, Gonzalo Zamorano, er genginn til liðs við Selfoss og gerir tveggja ára samning við félagið.

Gonzalo kemur til liðsins frá ÍBV þar sem hann spilaði í sum- ar. Hann hefur einnig leikið fyrir ÍA, Víking Ólafsvík og Huginn á Íslandi.

„Ég er hrikalega ánægður með það að vera kominn á Selfossi. Ég er búin að tala við fólk í

kringum mig sem þekkir klúbbinn vel og það töluðu allir vel um staðinn og liðið. Aðstaðurnar á Selfossi eru frábærar og ég vona að ég nái að hjálpa liðinu að ná sínum markmiðum,” sagði Gonzalo við undirskriftina.

Gonzalo getur leyst stöðu kantmanns og framherja. Hann hefur nú þegar hafið undirbúningstímabilið úti á Spáni en hann er væntanlegur til landsins á nýju ári. -Umf. Selfoss/ahm



Ljósmynd: Fésbókarsíða Zamorano

Sannfærandi sigur í Set-höllinni

HANDBOLTI Selfoss sigraði Víkinga sannfærandi í Set-höllinni á sunnudag, 32-18.

Selfoss byrjaði leikinn mun betur og komust fljótt í fjögurra marka forystu, 5-1. Víkingar náðu að minnka forskotið rétt fyrir leikhlé í 11-9 en nær komust þeir ekki. Staðan í hálfleik var 12-9 Selfyssingum í vil. Seinni hálfleikur var eign Selfyssinga. Sóknarleikurinn frábær og þar má helst nefna Guðmund Hólmar Helgason sem átti stórleik, en hann er að stíga til baka úr erfiðum meiðslum. Munurinn var brátt kominn í 11 mörk og Víkingar náðu aldrei að



Guðmundur Hólmar var frábær gegn Víkingum með tíu mörk. Ljósmynd: Umf. Selfoss/SÁ

brúa það bil. Lokatölur 32-18.

Mörk Selfoss: Guðmundur Hólmar var markahæstur með 10 mörk (þar af 3 úr vítum). Hergeir Grímsson skoraði 7 mörk

og þeir Alexander Már Egan og Richard Sæþór Sigurðsson voru með 3 mörk hvor. Árni Steinn Steinþórsson og Guðjón Baldur Ómarsson voru með 2 mörk hvor og þeir Karolis Stropus, Ragnar Jóhannsson, Elvar Elí Hallgrímsson og Haukur Páll Hallgrímsson skoruðu allir 1 mark hver. Varin skot: Sölvi Ólafsson varði 13 skot og Alexander Hrafnkelsson 1 skot.

Selfoss er komið í áttunda sæti Ólísdeildarinnar, með 6 stig eftir sjö umferðir. Næsti leikur hjá strákunum er gegn ÍBV í Eyjum sunnudaginn næstkomandi. -Umf. Selfoss/esó

Jafntefli í toppslagnum

HANDBOLTI Selfoss mætti FH í toppslag í Grill 66 deild kvenna í Set-höllinni á sunnudag. Liðin voru fyrir leikinn í efstu sætum deildarinnar, FH með 9 stig og Selfoss með 8. Leiknum lyktaði með jafntefli, 28-28, eftir æsilegar lokamínútur.

Leikurinn var jafn í byrjun leiks og skiptust liðin á að hafa frumkvæðið. FH-ingar áttu góðan kafla undir lok fyrri hálfleiks og skoruðu þá þrjú mörk í röð og breyttu stöðunni úr 12-11 í

12-14. FH hélt tveggja marka forskoti í hálfleik, 14-16.

Selfyssingar byrjuðu seinni hálfleik betur og náðu fljótt að jafna leikinn aftur í 17-17. Eftir það var leikurinn í jafnum en FH hafði frumkvæðið framan af og Selfyssingum gekk illa að nýta tækifæri til að komast yfir. Það tókst þegar um fimm mínútur voru til leiksloka og staðan því orðin 26-25. Selfyssingar komust síðan aftur yfir 28-27 þegar hálf mínúta var eftir en FH-ingar fengu vítakast þegar fimm

sekúndur voru eftir og jöfnuðu úr því.

Mörk Selfoss: Tinna Sigurros Traustadóttir var markahæst með 9 mörk, Elín Krista skoraði 5 mörk og Elínborg Katla 4. Þá voru þær Roberta Stropé og Kristín Una Hólmarsdóttir báðar með 3 mörk og þær Katla Björg Ómarsdóttir og Tinna Soffía Traustadóttir skoruðu 2 mörk hvor. Varin skot: Mina Mandic 14 og Dröfn Sveinsdóttir 1.

-Umf. Selfoss/esó



Einstök sunnlensk samstaða um SIGURHÆÐIR

Samstaðan í Sunnlendingafjórðungi um Sigurhæðir – þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis – heldur enn áfram að aukast. Nýlega bættust sýslumennirnir á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum við hóp samstarfsaðilanna og einnig Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum. Þetta þýðir að innan þessara embætta verður til staðar þekking á þeim úrræðum sem þolendum standa til boða á Suðurlandi og munu þau veita þolendum upplýsingar þegar það á við. Samstaðan sem hefur myndast á Suðurlandi um Sigurhæðaverkefnið á enga sína líka á landinu öllu. Samstarfsaðilar eru öll sunnlensku sveitarfélögin

fimmtán, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Sýslumaðurinn á Suðurlandi, Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, Lögreglustjórinn á Suðurlandi og Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum, auk Kvennaráðgjafarinnar og Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Nýtt aðsetur í Þórsörkinni

Um næstu helgi munu Sigurhæðir flytjast í nýtt húsnæði að Þórsörk 7 á Selfossi. Sigurhæðir hafa hingað til notið gistivínáttu Stróksins á Selfossi, en með nýja húsnæðinu mun aðstaða til að sinna þessum viðkvæma hópi skjólstæðinga batna til muna.

Frumkvæðisaðili að Sigur-

hæðum er Soroptimistaklúbbur Suðurlands.

Alltaf er hægt að bóka viðtöl á vefsíðunni sigurhaedir.is.

Nánari upplýsingar veitir Hildur Jónsdóttir, sími 863 5383.



Óðinn vill fá Guðrúnu Hafsteinsdóttur í ríkisstjórn



Tvær eftirfarandi ályktanir voru samþykktar á aðalfundi Óðins og fulltrúaráðsins í Árborg.

Aðalfundur Sjálfstæðisfélagsins Óðins og fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Sveitarfélaginu Árborg sem haldinn var 10. nóvember 2021, skora á forystu Sjálfstæðisflokksins að tryggja oddvita sjálfstæðismanna í Suðurlandshéraði ráðherraæti í nýrri ríkisstjórn. Slíkt er

sjálfsagt í ljósi góðs fylgis við flokkinn í kjördæminu og þess að oddviti listans er fyrsti þingmaður Suðurlandshéraðs.

Aðalfundur Sjálfstæðisfélagsins Óðins á Selfossi, haldinn 10. nóvember 2021, skora á fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Árborg að stuðla að því að haldið verði prófkjör fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar á næsta ári.

Hvetur skólahópa til að fara í sýnatöku



„Við viljum hafa allan vara á í skugga COVID-smíta í samfélaginu og mælumst þess vegna til þess að allir skólahópar fari í sýnatöku daginn áður en þeir koma til okkar á Laugarvatn,“ segir Sigurður Guðmundsson, forstöðumaður Ungmennabúða UMFÍ á Laugarvatni.

UMFÍ hefur starfrækt ungmennabúðir fyrir nemendur í 9. bekkjum grunnskóla um árabil og hafa nemendur frá næstum öllum skólum landsins komið þangað í vikudvöl. Í ungmennabúðunum njóta njóta nemendurnir dvalarinnar frá mánudegi til föstudags en markmið hennar er að styrkja félagsfærni ungmenna, efla vitund þeirra fyrir umhverfi sínu og hvetja þau til þess að hafa

heilbrigðan lífsstíl að leiðarljósi. Ungmennin eru mikið úti, fara út á kajaka ef viðrar og eiga í samskiptum án síma- og snjalltækja.

Sigurður segir að í skugga fjölgunar COVID-smíta hafi áhyggjufullir foreldrar barna

sem hyggja á dvöl í búðunum haft samband og spurt um sóttvarnir á meðan dvöl skólahópa stendur.

„Við hvetjum að sjálfsögðu til aukinna persónulegra sóttvarna hjá okkur eins og annars staðar í samfélaginu. Við mælumst enn fremur til þess að allir fari í sýnatöku daginn áður en komið er hingað til þess að lágmarka áhættuna á smiti á meðan dvölinni stendur. Við erum svo með mjög skýra verkferla ef upp kemur grunur um smit,“ segir Sigurður, forstöðumaður Ungmennabúða UMFÍ.

Ítarlegri upplýsingar veitir Sigurður Guðmundsson, forstöðumaður Ungmennabúða UMFÍ, í síma 861 3379.



Fagrihvammur, lýsing á breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029.



Á fundi bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar þann 11. nóvember 2021 var samþykkt að leita umsagnar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029 og kynna hana fyrir almenningi sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi, sem nær til 4,3ha. svæðis í og við Fagrahvamm, felur í sér að ríkjandi landnotkun á svæðinu, sem nú er skilgreind sem athafnasvæði, verður skilgreind sem íbúðarsvæði með heimild fyrir verslun- og þjónustu og athafnastarfsemi að hluta til þar sem áhersla er lögð á ferðaþjónustu og ylrækt.

Deiliskipulagslýsingin, sem gerð er skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, liggur frammi á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar.

Þeir sem vilja koma á framfæri athugasemdum, ábendingum eða tillögum, sem nýta má við deiliskipulagsgerðina, skulu senda þær til skipulagsfulltrúans í Hveragerði fyrir 31. desember 2021 á heimilisfangið Breiðumörk 20, 810 Hveragerði eða á netfangið gfb@hveragerdi.is.

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar

Frá kirkjugarðinum á Selfossi

Laugardaginn 27. og sunnudaginn 28. nóvember nk. verða jólaljósin kveikt í kirkjugarðinum.

Árvirkjamenn verða til aðstoðar milli kl. 10:00 og 16:00 laugardaginn 27. nóv. og 12:00 og 16:00 sunnudaginn 28. nóv.

Orkugjald er 5.000 kr. á leiði.

Hægt er að greiða á staðnum eða í verslun Árvirkjans.

Kirkjugarðsvörður



VIÐREISN Í RANGÁRVALLASÝSLU

Menningarsalurinn á Helli,
Dynskálum 8

Laugardaginn 20. nóv kl. 11:00

Viðreisn er stjórnmálaflokkur sem hefur frjálslyndi, mannréttindi og gagnsæi í opinberri stjórnsýslu að leiðarstefi.

Öll sem vilja taka þátt í að byggja upp sanngjarnt samfélag í sveitarfélögunum í Rangárvallasýslu eru hjartanlega velkomin á stofnfund Viðreisnar í Rangárvallasýslu laugardaginn 20. nóv kl. 11.00.

Léttar veitingar í boði og spjall við forystu Viðreisnar



LAUS STAÐA HJÁ SELFOSSEITUM

Selfossveitur reka hita- og vatnsveitu Sveitarfélagsins Árborgar. Fyrirtækið er til húsa að Austurvegi 67.

Selfossveitur óska eftir starfsmanni á sviði hita- og vatnsveitu. Starfið hefur starfsheitið **Vaktmaður** og heyrir undir verkstjóra vatns- og hitaveitu.

Ábyrgðar og starfssvið:

Hita- og vatnsveita:

- Öll almenn störf vegna nýframkvæmda, viðhalds, reksturs og þjónustu. Verkbættir eru m.a. við:

- Vatns- og orkuöflun
- Rekstur dælu- og stjórnstöðvar
- Dreifingu
- Þjónustu

- Starfsmaður vinnur bakvaktir utan venjulegs dagvinnutíma og sinnir vaktþjónustu/bílanþjónustu:

- Móttaka bilanatilkyninga frá vaktkerfi og notendum. Úrvinnsla þeirra og skráning.
- Eftirlit með rekstri veitukerfanna

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Iðnmenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla og þekking á veitustarfsemi er kostur.
- Hafi góða þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni
- Ensku og tölvu kunnátta æskileg

Frekari upplýsingar um starfið veitir Sigurður Þór Haraldsson í síma 480 1500 eða netfang sigurdur@arborg.is. Umsóknarfrestur er til 2. desember 2021. Sótt er um starfið á ráðning-arvef sveitarfélagsins <http://starf.arborg.is>



Krabbameinsfélag Árnassýslu þakkar fyrir sig

Eftir annasaman en fyrst og fremst einstakan Bleikan október, vill Krabbameinsfélag Árnassýslu senda innilegar þakkir til allra sem hafa á einn eða annan hátt, sýnt félaginu stuðning og samhug í orði og verki.

Ég held að mér sé óhætt að segja að nýliðinn Bleikur október hafi verið sá stærsti í sögu félagsins. Viðburðir, þátttaka samfélagsins í heild, fyrirtækja, verslana, stofnana og einstaklinga víðs vegar um svæðið okkar, hefur aldrei verið eins sterk og sýnileg og nú.

Bleiku slaufu límmiðar

Í byrjun september mánaðar varð sú hugmynd til að láta prenta gluggalímmiða í formi Bleiku slaufunnar, í þremur stærðum og selja í fjárflyunarskyni fyrir starfsemi félagsins. Hugmyndin var að styðja við og einfalda sem flestum að taka þátt í Bleikum október og skreyta sitt svæði með Bleiku slaufunni. Þessi hugmynd sannaði sig margfalt og það var einstakt að keyra um sýsluna okkar og sjá hvert fyrir-tækið á fætur öðru, stofnanir og fjölda bíla skreytta með Bleiku slaufu límmiðanum.

Allir lögðu sitt af mörkum

Hárgreiðslustofan Lobbýið á Selfossi var með góðgerðardag laugardaginn 16. október og ríkti einstök gleði og samheldni í starfsmannahópnum sem gaf vinnu sína og innkomu dagsins óskipt til starfsemi félagsins. Það var einstakt að finna áhugann hjá bæði starfsfólkinu og viðskiptavinunum þennan dag til að láta gott af sér leiða og allir fundu leið til þess þennan dag. Gallerí ListaSel lagði félaginu lið og sá um að halda utan um uppboð á málverki eftir listamanninn Tolla sem hann gaf félaginu. Sjafnarblóm styrkti félagið um ágóða af sölu af bleikum vörum sem seldust á Bleika daginn þann 15. október.

Bæði Selfosskirkja og Þorláksskirkja voru með bleika messu þar sem félagið tók þátt og deildi upplýsingum og reynslu.

Bleiki dagurinn var haldinn hátíðlegur á allmörgum vinnustöðum og var gaman að fylgjast með gleðinni sem blandaðist inn í samhyggðina sem ávallt á sér stað þegar málefni krabbameinsgreindra eru annars vegar.



Gríðarlega margir lögðu félaginu lið á einn eða annan hátt og erum við einstaklega þakklát fyrir ykkur öll og ykkar stuðning.

Bleika boðið

Var haldið föstudaginn 29. október og var það í þriðja sinn sem félagið heldur slíkt boð. Óhætt er að segja að Beika boðið sé búið að stimpla sig inn sem fastan viðburð á vegum félagsins og verður viðburðurinn stærri og glæislegri með hverju árinu. Hótel Selfoss hefur í síðustu tvö skipti gert félaginu kleift að halda boðið hjá sér og hefur veitt ríkulegan styrk til félagsins með því að leggja til húsnæði, starfsfólk og veitingar af bestu gerð, í samvinnu við sína heildsala. Tónlistarfólk og skemmtikraftar sem að boðinu koma leggja einnig til vinnu sína og tíma félaginu að kostnaðarlausu. Bleika boðið er í grunninn fjárflyunarviðburður sem gengur út á að selja happdrættismiða. Vinningarnir í happdrættinu koma frá öllum helstu veitingastöðum, hár- og snyrtistofum, listafólki, verslunum og fyrirtækjum á okkar svæði en einnig eru fjölmargir utan Árnassýslu sem leggja til vinninga. Í ár var sérstaklega áberandi hvað listafólk tók vel í að gefa vinninga og var efnt til uppboðs á nokkrum vinningum í Bleika boðinu.

Fjármagnið

Starfsemi Krabbameinsfélags Árnassýslu hefur tekið stakkskiptum síðasta árið og er nú orðið sýnlegra og öflugra en

nokkru sinni fyrr. Félagið vinnur að því markmiði að færa þjónustuna í heimabyggð og hefur til þess verið að efla úrræði og aðgengi að félaginu með ýmsum hætti. Starfsemi er eingöngu fjármögnuð af félagsgjöldum, styrkjum og gjöfum frá fyrirtækjum, stofnunum, verslunum, einstaklingum og ýmsum félagsamtökum. Félagið hefur notið einstakrar góðvildar og fengið góðar móttökur hvar sem er í samfélaginu. Allt fjármagn sem safnast er notað til aðkeyprtar þjónustu, rekstur félagsaðstöðu, styrkja til félaga og uppbyggingu á úrræðum sem þörf er á í okkar samfélagi.

Við erum til staðar fyrir þig

Sífelld fleiri einstaklingar sem greinast með krabbamein, eru að sigrast á sjúkdómnum eða ná að lifa með honum í mörg ár. Samhliða lækisfræðilegri þjónustu eru krabbameinsgreindir og fjölskyldur þeirra í þörf fyrir sálrænan og félagslegan stuðning í jafningjahópi. Krabbameinsfélag Árnassýslu vill minna á að öll starfsemi félagsins er félögum að kostnaðarlausu og stendur öllum jafnt til boða. Verið er að veita einstaklinga og hópaþjónustu auk reglulegra viðburða sem höfða geta til allra aldurshópa. Hvetjum ykkur til að fylgjast með okkur á facebook.

Innilegar þakkir

Fyrir hönd Krabbameinsfélags Árnassýslu vil ég senda öllum sem hlut eiga að starfsemi félagsins á einn eða annan hátt, innilegar þakkir fyrir ykkar tíma, vinnu, fjármagn og stuðning. Félagið væri ekki til nema með þátttöku ykkar! Við hlökkum til áframhaldandi samvinnu og minnum á fasta opnunartíma í félagsaðstöðu okkar að Eyra-vegi 31 á Selfossi, mánudagamiðvikudaga-föstudaga frá 11:00 til 15:00. Félagið er með síma 482 1022.

F.h. Krabbameinsfélags
Árnassýslu
Svanhildur Ólafsdóttir
formaður





Við erum sérfræðingar í prentun bóka, almennu prentverki og framleiðslu umbúða. Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.

Láttu sérfræðinga okkar aðstoða við að finna bestu, hagkvæmstu og umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.

Vertu hjartanlega velkomin



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límniðar



Stimplar

Eyravegi 25, 800 Selfoss

482 1944

selfoss@prentmetoddi.is



Sigtún Þróunarfélag byggir nýjan miðbæ Selfoss og stendur auk þess að mörgum öðrum þróunar- og uppbyggingarverkefnum á Selfossi. Við óskum eftir að ráða fólk í eftirfarandi störf:

Bókari

Reyndur bókari í a.m.k. 50% starf með möguleika á auknu starfshlutfalli eftir því sem umsvif aukast. Helstu verkefni eru almenn bókhaldsverkefni, s.s. færsla bókhalds og afstemmingar, reikningagerð, launavinnsla, VSK uppgjör og fl.

Við leitum að lausnamiðuðum einstakling sem getur unnið sjálfstætt og býr yfir frumkvæði, sjálftrausti og drifkrafti.

Í boði er góð vinnuaðstaða í nýjum miðbæ og sveigjanlegur vinnutími. Nánari upplýsingar og umsóknarform er að finna á ráðningarvefnum Alfred.is.

Umsjónarmaður fasteigna

Óskum eftir handlögnum og samviskusömum einstakling eða einstaklingum til að hafa umsjón með mannvirkjum í miðbænum. Um er að ræða hlutastarf í verktöku.

Helstu verkefni eru umsjón, eftirlit og viðhald með fasteignum, opnum svæðum, húsbúnaði, tækjum og kerfum. Reyksla af fasteignaumsjón/húsvörslu er kostur en dugnaður, frumkvæði og handlaggi skipta mestu.

Við hvetjum sérstaklega 60 ára og eldri til að sækja um!

Nánari upplýsingar veitir Vignir Guðjónsson framkvæmdastjóri í netfanginu vignir@sigturn.is.

Snjómokstur tengi- og héraðsvega í Rangárþingi ytra og Ásahreppi 2021-2024

Óskað er eftir tilboðum/verðkönnun í snjómokstur á tengi- og héraðsvegum í Rangárþingi ytra og Ásahreppi 2021-2024.

Verkkaupi er Rangárþing ytra. Umsjónaraðili verkkaupa verður Tómas Haukur Tómasson, forstöðumaður eigna- og framkvæmdasviðs í Rangárþingi ytra.

Um er að ræða mokstur á tengi- og héraðsvegum ásamt heimreiðum á svæðinu frá Þjórsá að Eystri-Rangá, svæðunum er skipt landfræðilega við Ytri-Rangá og Þjóðveg 1.

Svæðin eru eftirtalin:

1. Þjórsá að Ytri-Rangá sunnan Þjóðveg.
2. Þjórsá að Ytri-Rangá norðan Þjóðveg.
3. Milli Ytri- og Eystri Rangár sunnan Þjóðveg.
4. Milli Ytri- og Eystri Rangár norðan Þjóðveg.

Hægt er að bjóða í mokstur á einu svæði eða fleirum.

Útboðsgögn fást afhent frá og með fimmtudeginum 18. nóvember nk. á skrifstofu Rangárþings ytra. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið tomas@ry.is og óska eftir útboðsgögnum.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Rangárþings ytra, Suðurlandsvegi 1, 850 Hellu, fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 30. nóvember. Þá verða tilboðin opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska kl. 14:15 sama dag.

F.h. verkkaupa:

Tómas Haukur Tómasson, Forstöðumaður eigna- og framkvæmdasviðs Rangárþings ytra, tomas@ry.is, sími; 4887000.



FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erft með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



Nýjar sóttvarnreglur hafa tekið
gildi og við tökum að sjálfsögðu
tillit til þeirra.

OPIÐ HÚS

Fellur niður næstu 3 fimmtu-
daga; 18. og 25. nóv. og 2. des.

Önnur starfsemi, námskeið og
samkomur, eru í höndum við-
komandi stjórnenda. Minnum á
heimasíðu FEBSEL og Facebook,
þar sem allar tilkynningar birtast.

Munum að sýna ábyrgð
– grímur og sprit og virðum
fjarlægðarmörk.

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
 S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

Krani
&
tæki

Kranabíll • Minigrafa
Traktorsgrafa
Krabbi • Mannkarfa

Öll almenn jarðvegsvinna
og flutningar

Diddi Elli
S. 861 4966 S. 861 6700
fredi@simnet.is



KIRKJUR

Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 20. nóv-
ember. Biblíulexíur kl. 11 og
guðspjónusta kl. 12. Kristinn
Ólafsson verður með ræðu.
Verið velkomin.

ATVINNA

Smiður

Smiður getur bætt við sig verk-
efnum. Er vandvirkur og sann-
gjarn í verðum. Tek að mér park-
etlagn, innréttingar og almennt
viðhald. Hafðu samband í síma
867 4369.

Snjómokstur

Vantar mann með grófurétt-
indi í íhlaupavinnu í snjó-
mokstur. Nánari uppl. í síma
864 1275.

BÍLAR



Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777



KIETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.



Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Flúðajörfi styrkir Landsbjörg með kaupum á stóra neyðarkallinum

Fjölmörg fyrirtæki og ein-
staklingar styrktu björgunar-
sveitir núna í byrjun í nóvem-
ber kaupum á Neyðarkallinum.
Flúðajörfi var eitt af þeim fyrir-
tækjum sem styrktu með kaup-
um á stóra Neyðarkallinum.

Á myndinni sést Katrín Ösp
Emilssdóttir afhenda, fyrir hönd
Björgunarfélagsins Eyvinds í
Hrunamannahreppi, Friðriki
Rúnari Friðriksson rekstrar-
stjóra Flúðajörfa stóra neyðar-
kallinn, föstudaginn sl.

Vonin bregst oss ekki



Nú líður að því að við göngum inn í tíma að-
ventunnar. Ég verð alltaf svo spennit þegar
ég veit að það á að fara að kveikja á jóla-
ljósum hér á Selfossi. Í vikunni
var Björgunarsveitin að störfum
við að hengja upp ljós á Ölfus-
árbrú og hlakka ég til að sjá
afkrastur þess. Það er búið
að hengja upp skemmtilegar
seríur í nýja miðbænum
og bíð ég spennit eftir að sjá
þau ljós kveikt. Mér finnst
svo ljúft þegar jólaljósum
fer að fjölga. Ljósín lýsa svo
sannarlega upp myrkrið og
auka á gleðina í skammdegini.

Í liðinni viku ákvað ég að horfa
á fréttir með syni mínum sem er 6 ára.
Hver fréttin af fætur annarri í þessum fréttatíma
var því miður niðurdrepandi og sorgleg. Ég stóð
mig að því að útskýra fyrir drengnum hvað var
verið að meina á jákvæðari hátt og eftir nokkrar
neikvæðar fréttir í röð ákvað ég að slökkva. Við
horfðum því á Krakkafréttir og hugsaði með
mér að ég ætti frekar að horfa á krakkafréttir
í framtíðinni. Þar var búið að leita uppi góðar
og skemmtilegar fréttir. Ég er að ekki að meina
að ég ætli að afneita hlýnun jarðar, Covid-19,
samkomutakmörkunum, eða öðru slíku, alls
ekki. Sennilega er það samt þannig að að ötti og
neikvæðni hefur ekki góð áhrif í miklu magni.
Þú ert það sem þú borðar og þú mótast af því
sem þú hlustar, horfir á og þú lest. Er það ekki?
Allavega að einhverju leiti.

Um helgina ákvað ég að taka mér góða
pásu frá fréttum, samfélagsmiðlum, tölvu-
póstinum og öllu óþarfa googli-i. Það var svo

gott að finna það að heimurinn hélt áfram án
þess að ég væri að fylgjast með öllu. Það var
gott og gaman að gleyma sér í því að
hlæja, horfa á skemmtilegar kvik-
myndir, lesa og bara vera. Það
er nauðsynlegt að kúpla sig í
út að öðru hvoru. Frídagur
og helgar eru góður tími í
það. Það er meira að segja
mögulegt að þú finnr nýtt
áhugamál þegar þú sleppir
því að skrolla í gegnum
símann þinn. Komist yfir
að klára bókina sem þú ert
að lesa, þrjóna peysuna, baka
kökuna eða fara í göngutúrinn
sem þú bíður eftir að komast í.

En hvernig tengjast símapása og
tilhlökkun yfir jólaljósum sem brátt verða
kveikt? Jú, þau gefa bæði von. Ljósið mun allt-
af sígra myrkrið. Heimurinn heldur áfram að
snúast þó svo að ég opni ekki símann minn. Það
gerist ekkert hræðilegt þó svo ég njóti líðandi
stundar og viti ekki hvað er að gerast í fréttum.
Það er mitt hlutverk sem foreldri að vera
fyrirmynd. Ég er fyrirmynd með því að leggja
frá mér símann, vera þakklát og gleðjast yfir
líðandi stund. Það er mitt hlutverk að boða von.
Boða það að það sé ljósið sem sigrar myrkrið,
það sé samvera sem sigrar einmanaleikann, það
sé fjölskyldan sem sé hornsteinn samfélagsins
og að á eftir vetri kemur alltaf sumar.

Réttum úr okkur og lifum í von. Því vonin
bregst okkur ekki.

Kærleikskveðja,
Gunna Stella

Panta tíma í ráðgjöf og/eða heilsumarkþjálfun - www.gunnastella.is - Hlaðvarp: Einfaldara líf

Flóaskóli auglýsir lausar stöður kennara og stuðningsfulltrúa



Flóaskóli auglýsir eftir kennara/urum og stuðningsfulltrúa/um frá 1. janúar í fullt starf og/eða hlutastarf.

Skólinn er staðsettur á Villingaholti í Flóahreppi, sem er í 15 - 20 mínútna akstursfjarlægð frá Selfossi. Í skólanum eru 116 nemendur í 1. - 10. bekk og 32 starfsmenn.

Við Flóaskóla starfar öflugur og metnaðarfullur hópur fólks sem vinnur samhent að því að skapa jákvætt og uppbyggjandi vinnuumhverfi, hlúa vel að nemendum og stuðla að því að þeir nái að vaxa og dafna í námi og starfi. Í Flóaskóla leggjum við áherslu á einstaklingsmiðað nám, teymiskennslu og öfluga stoðþjónustu. Við vinnum samkvæmt hugmyndafræðinni „Uppeldi til ábyrgðar“ og vinnum markvisst með samskipti og líðan nemenda. Auk þess er lögð áhersla á umhverfis- og útikennslu og er Flóaskóli þátttakandi í Grænánavefverkinu.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri í síma 771-8342.

Umsóknarfrestur er til og með 1. desember 2021. Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu sendist á netfangið: gunnlaug@floaskoli.is.

Helstu verkefni og ábyrgð:

Kennari:

- Kennsla og umsjón í 5. bekk
- Tónmennt – hlutastarf
- Forfallakennsla

Stuðningsfulltrúi:

- Stuðningur í bekk
- Frístund – lengd viðvera

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Grunnskólakennari, leyfisbréf grunnskólakennara
- Uppeldismenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Jákvæðni og sveigjanleiki í samskiptum
- Frumkvæði og vilji til að leita nýrra leiða í skólastarfi



Snjómokstur tengivega í Rangárbíngi eystra 2021-2024

Óskað er eftir tilboðum/verðkönnun í snjómokstur á tengivegum í Rangárbíngi eystra 2021-2024.

Verkkaupi er Rangárbíngi eystra og Vegagerðin. Umsjónaraðili verkkaupa verður Ólafur Rúnarsson aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárbíngs eystra, olirunars@hvolsvollur.is.

Um er að ræða mokstur á tengivegum í Rangárbíngi eystra, sem skiptist í þrjú svæði. Svæðin eru eftirtalin:

1. Fljótshlíð og Hvolhreppur hinn forni
2. Austur- og Vestur Landeyjar
3. Austur- og Vestur Eyjafjöll

Hægt er að bjóða í mokstur á einu svæði eða fleirum.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Rangárbíngs eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvöllur, eigi síðan er kl. 14:00 þriðjudaginn 30. nóvember 2021. Tilboð verða opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska kl. 14:15.

Upplýsingar og gögn er hægt að nálgast í netföngum bygg@hvolsvollur.is og olirunars@hvolsvollur.is.

F.h. verkkaupa:

Ólafur Rúnarsson, aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárbíngs eystra, olirunars@hvolsvollur.is, sími; 488 4200.

Framkvæmdastjóri



SORPSTÖÐ
RANGÁRVALLASÝSLU bs.

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra.

Leitað er eftir öflugum einstaklingi sem er tilbúinn að takast á við fjölbreytt og krefjandi starf. Reiknað er með að ráða í starfið í byrjun árs 2022. Starfsstöð er á móttökustöð Sorpstöðvarinnar á Strönd.

Helstu verkefni:

- Hafa umsjón með rekstri og þróun Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.
- Sinna störfum móttökustöðvarinnar á Strönd og grenndarstöðva
- Hafa umsjón með sorphirðu
- Hafa umsjón með og sinna rekstri og viðhaldi bifreiða og véla
- Hafa umsjón með starfsmannamálum
- Þátttaka í áætlanagerð og eftirfylgni með áætlunum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi, háskólamenntun ákjósanleg
- Þekking og reynsla af rekstri og verkefnastjórnun kostur
- Krafa um almenna tölvukunnáttu og þekkingu á upplýsingatækni
- Meirapróf skilyrði og vinnuvélaréttindi kostur
- Þekking á viðhaldi bifreiða og véla
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Skipulagshæfileikar og nákvæm vinnubrögð

Hjá Sorpstöð Rangárvallasýslu starfa um 4 starfsmenn í föstu starfi auk 3-4 í hlutastarfi. Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. er byggðasamlag í eigu Rangárbíngs eystra, Rangárbíngs ytra og Ásahrepps og þjónustar alla Rangárvallasýslu.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um stöðuna.

Umsóknarfrestur er til 10. desember. Umsókn skal senda með rafrænum hætti á ry@ry.is

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Hulda Karlsdóttir (hulda@ry.is - 488 7000) og Ágúst Sigurðsson (agust@ry.is - 488 7000)

Fjölskyldutónleikar í Skálholtsdómkirkju á sunnudaginn

Á sunnudaginn kl. 16 verða fjölskyldutónleikar í Skálholtskirkju þar sem flutt verður verkið „Myndir á sýningu“ eftir rússneska tónskáldið Modest Mussorgsky. Flytjendur eru Jón Bjarnason á orgel, Jóhann I. Stefánsson á trompet, Páll Palomares á fiðla og Xun Yang á kontrabassi.

Þeir félagar Jóhann Stefánsson trompetleikari og Jón Bjarnason organisti fengu þá frábæru hugmynd að æfa eitt af stórvirkjum tónlistarsögnum, „Myndir á sýningu“ eftir Modest Mussorgsky. Þeir hafa flutt það á tónleikum í útsetningu fyrir trompet og orgel í þremur kirkjum á Íslandi; Selfosskirkju, Skálholti og í Frikirkjunni í Reykjavík.

„Myndir á sýningu“ er verk með tíu köflum - auk göngu-stefs sem endurtekið er í ýmsum myndum - samið fyrir píanó af rússneska tónskáldinu Modest Mussorgsky árið 1874.

Verkið lýsir upplifun tónskáldins af myndlistarsýningu með málverkum eftir Viktor Hartmann. Hver kafli lýsir

ákveðinni mynd og svo heyrir göngustefið á milli kaffa.

Svítan er frægasta píanótónsmíð Mussorgskys og hefur verið flutt af flestum píanóleikurum heimsins. En mestum vinsældum hefur verkið hlötið í útsetningu Maurice Ravel frá 1922 fyrir fulla símfónihljóm-sveit.

Á þessum fjölskyldutónleikum bætast við tveir frábærir hljóðfæraleikarar þeir Páll Palomares fiðluleikari og Xun Yang kontrabassaleikari og eru þeir báðir fastráðnir í Símfónihljómsveit Íslands. Verkið verður flutt í útsetningu fyrir trompet, orgel, fiðlu og kontrabassa. Verkið hefur sennilega aldrei verið flutt með þessari hljóðfæraskipan áður svo vitað sé.

Á tónleikunum verður verkið kynnt og sýndar myndir sem varðveist hafa og veittu tónskáldinu innblástur. Verkefnið er styrkt af Tónlistarsjóði.

Aðgangseyrir við innganginn kr. 3.000. Frítt fyrir börn yngri en 12 ára. Allar sóttvarnareglur verða að sjálfsgöðu í hávegum hafðar.



BÓKAÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
Opíð mán-lau frá 12-18

Bókakaffið
Bókakaffið | Austurvegi 22 | 800 Selfoss

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
okuland.is

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala Rennismiði Innréttingar Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi Sími 482 1980

HREINGERINGA-Þjónusta Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun, bón, gluggabreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Fleint um allt Suðurland

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Tækniþjónusta Suðurlands ehf. Selfossi
Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Simkerfi o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson Sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson Sími 779 6777

Sprettur ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - Sími 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþvöðgerðir - Almennar raflagnir

prentmet
heildarlausnir í prentun
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

D-H BÓKHALD
✓ Bókhaldsþjónusta
✓ Skattskil
✓ Stofnun fyrirtækja
✓ Framtöl og ársreikningar
✓ Fyrirtækjaraðgjöf
Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhbokhald@gmail.com
s. 6933708

Jiibbiíi Siggafærdiz
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FYLGD
Útfaraþjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

BRAC AF VINÁTTU!
Fæst hjá **BYKO** Selfossi

Hjólbarðapjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar - Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is